

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að Fossvogsvegi milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar verði lokað við Kringlumýrarbraut.

Ákvörðunin hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 7. október 1991.

Böðvar Bragason.

11. október 1991

Nr. 491

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 558.842.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 40.222.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1991 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

7. október 1991

Nr. 492

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing sama efnis nr. 568/1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. október 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.